

Matvælastofnun  
Austurvegi 64  
800 Selfossi

Akureyri, 28. ágúst 2019  
UST201904-270/S.R.B.  
08.12.01

### **Tilkynning um ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu á starfsleyfi fyrir sjókvíaeldi Fjarðalax ehf. í Patreks- og Tálknafirði**

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Fjarðalax ehf. vegna sjókvíaeldis í Patreks- og Tálknafirði.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstaraðila til að framleiða allt að 10.700 tonn á ári af laxi.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir starfsleyfið til 28. ágúst 2035.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess. Umhverfisstofnun sendir hér með Matvælastofnun starfsleyfið sbr. 4. gr. a laga nr. 71/2008 um fiskeldi og skal afhent og birt umsækjanda.

Virðingarfyllst



Steinar Rafn Beck Baldursson  
sérfræðingur



Agnar Bragi Bragason  
teymisstjóri

# STARFSLEYFI

Framleiðsla á laxi

**Fjarðalax ehf.,**  
**Patreksfjörður og Tálknafjörður**  
Lögheimili:  
Strandgötu 43, 460 Tálknafjörður  
Kt.: 641109-1770

## 1 ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Fjarðalax ehf., kt. 641109-1770, fyrir sjókvíaelði á 10.700 tonna ársframleiðslu af laxi í Patreksfirði og Tálknafirði. Fjarðalax ehf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin opinber leyfi.

Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til framleiðslu á 10.700 tonnum af laxi (að hámarki 12.200 tonn af lífmassa á hverjum tíma) í Patreksfirði og Tálknafirði. Um er að ræða eldi í sjókvíum og skal það vera staðsett innan þess svæðis sem tilgreint er í viðaukum 1 og 2. Rekstraraðila er heimilt að framleiða lax í kynslóðaskiptu eldi í sjókvíum á tveim sjókvíaeldissvæðum með eftirfarandi takmörkunum:

#### Patreksfjörður (Hlaðeyri, Sandoddi og Þúfnaeyri)

- Þúfnaeyri - framleiðslumagn allt að 5.350 tonnum á ári
- Sandoddi - framleiðslumagn allt að 5.350 tonnum á ári
- Hlaðeyri - framleiðslumagn allt að 2.000 tonnum á ári

#### Tálknafjörður (Laugardal)

- framleiðslumagn allt að 5.350 tonnum á ári

Eldið er að jafnaði á tveimur eldissvæðum í senn og að loknu því tímabili eru eldissvæðin hvíld sbr. gr. 3.2 í starfsleyfi.

Fjarlægðamörk milli eldissvæða skulu vera samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi, að meginviðmiði 5 km milli ótengdra aðila frá útmörkum hvers eldissvæðis. Matvælastofnun getur heimilað aðrar fjarlægðir.

### 1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspruna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur m.a. farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

### 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

### 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnum, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka meggi út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri.

### 1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis,
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef burðarþolsmat svæðisins er metið of lítið fyrir rekstur stöðvarinnar.

- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breytingar verða á áhættumati Hafrannsóknastofnunar vegna erfðablöndunar.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

## 1.7 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laganna, að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt, sbr. 3. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða að afturkalla starfsleyfið.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða, og að aðgerðir þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd sbr. 63. gr. laganna.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

## 1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við ákvæði í IV. viðauka við reglugerð nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir skv. lögum.

# 2 STARFSHÆTTIR

## 2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum eldisins, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaráhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu endurskoðuð á a.m.k.

fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

## 2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

## 2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á eldiskvíum, lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

## 2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

## 2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka l.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

## 2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.



## 2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

## 2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megri aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

# 3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í gr. 1.6.

## 3.2 Hvíldartími

Hvert eldissvæði skal hvíla í a.m.k. sex mánuði á milli eldislota (frá lok slátrunar).

Þrátt fyrir hvíld eldissvæða skv. 1. mgr. getur Umhverfisstofnun einhliða frestað útsetningu eftir sex mánaða hvíldartíma, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldissvæði/eldissvæði að mati Umhverfisstofnunar.

Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna.

## 3.3 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

## 3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 9,0 kg /tonn af framleiddum fiski. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

## 3.5 Eldiskvíar og ráðstafanir vegna uppsöfnunar fóðurleifa

Til að hindra að uppsöfnun fóðurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og gæði umhverfis er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til á svæðinu. Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu

fyrir búnað eða eldisfisk. Tilkynna skal eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldissvæðinu. Halda skal starfseminni í hæfilegri fjarlægð frá annarri mengandi starfsemi og á milli kvía, þannig að mengunaráhrif, svo sem næringarefni, úrgangur eða súrefnisþurrð, valdi ekki skaða í öðrum atvinnurekstri, t.d. öðru sjávareldi. Nota skal traustar og góðar botnfestingar en þó skal forðast að raska botni eftir því sem kostur er.

Rekstraraðili skal nota upplýsingar sem fást með umhverfisvöktun, sbr. 5. kafla, til hliðsjónar við framkvæmd á flutningi eldiskvía. Þéttleiki lífmassa í kví skal ekki vera meiri en 25 kg/m<sup>3</sup>.

### 3.6 Lífríki og flokkun vatns

Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Fiskeldi má ekki valda breytingu á lífríki og ástandi eldissvæðanna í firðinum er varða líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðabætti samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sbr. þó gr. 3.8. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. gr. 1.6, ef ástand vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

### 3.7 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

### 3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að kvíum.

### 3.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Varp efna og hluta í hafið er óheimilt nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífniðurbrjótanlegur úrgangur fluttur til viðurkenndrar meðhöndlunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrífa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

### 3.10 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

### 3.11 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr kvíunum. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði gr. 3.9 um lífniðurbrjótanlegan úrgang.

### 3.12 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess

kostur skal skipta út efnunum og efnablöndum sem geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaráhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.6 og 2.7.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnunum að ekki sé hættu sé á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

## 4 INNRA EFTIRLIT

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsi- og sótthreinsiefna,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.3,
- staðsetningu og framleiðslumagn á hverjum stað,
- niðurstöður vöktunarmælinga,
- losun næringarefna,
- lyfjagjöf m.a. vegna laxalúsar (umfang og áætluð áhrif),
- útsetningu seiða (magn og dagsetning).

### 4.2 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður vöktunarmælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. ákvæði gr. 3.6.

### 4.3 Umhverfisupplýsingar og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili skal einnig færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald.

Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.2. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.





## 5 UMHVERFISVÖKTUN

### 5.1 Vöktunaráætlun

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu vera samkvæmt staðlinum ÍST ISO 12878 og samþykktum líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum<sup>1</sup> og gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Áætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar, svo sem varðandi kalkþörungum og fuglalíf. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns, t.d. með myndatökum af botninum. Taka skal mið af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar, „Upplýsingar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva“ og útfæra áætlunina í samræmi við staðbundnar aðstæður. Endurskoða skal vöktunaráætlun óski Umhverfisstofnunar eftir því, t.d. ef hætt er að vinna eftir umhverfisstöðunum eða umhverfisstjórnunarkerfi.

### 5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni kvíanna samkvæmt 5.1 eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefni og Umhverfisstofnun samþykkir.

## 6 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemin þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, starfsemi B, lið 2. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 2. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Starfsemin skal flokkuð í gjaldflokk skv. áhættumati eftirlits sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda, frávíka eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

---

<sup>1</sup> Samkvæmt lögum 36/2011 um stjórn vatnamála.  
Síða 8 af 19

## 7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast þegar gildi gildir til 28. ágúst 2035.

Með gildistöku þessa starfsleyfis fellur úr gildi eldra starfsleyfi Fjarðalax ehf. frá 24. maí 2011, fyrir allt að 3.400 tonna eldi í Patreks- og Tálknafirði.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

**Reykjavík 28. ágúst 2019**

### Umhverfisstofnun



**Kristín Linda Árnadóttir**  
forstjóri



**Steinar Rafn Beck**  
sérfræðingur





## Viðauki 2

Eldissvæði	Hornpunktar	Legustæði sjókvía
<b>Eyri (Þúfnaeyri)</b>	1.	65°34.790'N 23°59.260'W
	2.	65°35.100'N 23°58.590'W
	3.	65°34.730'N 23°57.820'W
	4.	65°34.870'N 23°58.230'W
<b>Sandoddi</b>	1.	65°32.817'N 23°55.817'W
	2.	65°33.083'N 23°55.816'W
	3.	65°33.083'N 23°55.433'W
	4.	65°32.817'N 23°55.433'W
<b>Hlaðseyri</b>	1.	65°32.590'N 23°54.530'W
	2.	65°32.930'N 23°53.800'W
	3.	65°32.220'N 23°52.550'W
	4.	65°31.900'N 23°53.270'W

Hnit eldissvæða í Patreksfirði

Eldissvæði	Hornpunktar	Legustæði sjókvía
<b>Laugardalur</b>	1.	65°39.277'N 23°56.974'W
	2.	65°39.581'N 23°56.524'W
	3.	65°38.652'N 23°53.684'W
	4.	65°38.409'N 23°54.134'W

Hnit eldissvæða í Tálknafirði

## Viðauki 3

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara sbr. gr. 3.2.
- Í gr. 4.2 er kveðið á um að skila eigi ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 4.3 eru ákvæði um skiladaga fyrir umhverfisupplýsingar og útstreymisbókhald.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins gildir meginþextinn.

## Fylgiskjal

### Greinargerð vegna vinnslu starfsleyfis fyrir Fjarðalax ehf. í Patreks- og Tálknafirði

#### 1. Almennt

Fjarðalax ehf. ( kt 641109-1770), Strandgötu 43, 460 Tálknafirði hefur verið með starfsleyfi til framleiðslu á 3.400 tonnum af laxi í sjókvíaelði í Patreks- og Tálknafirði.

Fyrirtækið sótti um nýtt starfsleyfi sem fól í sér aukningu á framleiðslu þann 26.07.2019.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, fyrir framleiðslu á allt að 10.700 tonnum á ári á tímabilinu 5. júlí til 31. ágúst 2017. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar, dags. 5. júlí 2017, ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Auglýsingin var einnig birt í Lögbirtingablaði sama dag og auk þess var tilkynning um auglýsinguna birt þann dag í staðarblaðinu Vestfirðir. Auk þess var hún send í tölvupósti til valinna aðila, m.a. viðkomandi sveitarfélaga og heilbrigðisnefnd.

Umhverfisstofnun tók ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir eldið þann 13. desember 2017. Sú ákvörðun var felld úr gildi með úrskurði úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála þann 4. október 2018, vegna atriða er vörðuðu mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Umsækjandi um starfsleyfi sendi inn viðbótarupplýsingar vegna mats á umhverfisáhrifum til Skipulagsstofnunar. Upplýsingarnar voru einkum um valkostaumræðu í umhverfismati, sbr. úrskurð úrskurðarnefndarinnar. Skipulagsstofnun gaf á ný út álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og var tillaga að starfsleyfi unnin út frá umsóknargögnum ásamt nýjum gögnum sem komið hafa fram í kjölfar úrskurðar og á grundvelli álita Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á ný á tímabilinu 14. júní til og með 15. júlí 2019 sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fyrir framleiðslu á allt að 10.700 tonnum á ári. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar, dags. 14. júní 2019, ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Tillagan var einnig send á viðkomandi sveitarfélög, heilbrigðisnefnd og hagsmunaaðila þann 14. júní þ.m.t. þá sem gerðu athugasemd við áður auglýsta tillögu.

Unnið var í samráði við Matvælastofnun að samræmingu vegna leyfisveitinga starfsleyfis og rekstarleyfis og einnig fundað með rekstaraðila.

#### 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun hefur unnið starfsleyfi þar sem mat á umhverfisáhrifum hefur verið lagt til grundvallar leyfisveitingu. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal leyfisveitandi við útgáfu leyfis til framkvæmdar kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Umhverfisstofnun hefur yfirfarið ítarlega matsskýrslur framkvæmdaraðila ásamt viðbótarupplýsingum og bæði álit Skipulagsstofnunar m.t.t. þess hvort umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi verið lýst með fullnægjandi hætti og hvort gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.



Skipulagsstofnun birti álit um mat á umhverfisáhrifum vegna áforma Fjarðalax ehf. (og Arctic Sea Farm hf.) í Patreks- og Tálknafirði þann 23. september 2016 þar sem stofnunin taldi helstu neikvæðu áhrifin vera vegna sjúkdóma, laxalúsar, áhrifa á náttúrulega stofna laxfiska og botndýralíf.

Skipulagsstofnun birti annað álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar í kjölfar ítarlegri upplýsinga þann 16. maí 2019.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir tillögur að matsáætlun og matsskýrslur framkvæmdaraðila og veitt umsagnir vegna þeirra til Skipulagsstofnunar í matsferlinu.

Skipulagsstofnun fjallar í áliti sínu um málsmeðferð umhverfismatsins sem leiddi til álita Skipulagsstofnunar og telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að bæta við þá umfjöllun.

## 2.1. Valkostir

Framkvæmdaraðili kynnti nokkra valkosti í nýrri matsskýrslu og fjallað var um þá í öðru áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Valkostirnir sem fjallað var um sneru m.a. að staðsetningum eldissvæða, notkun á ófrjóum laxi, lokuðum kvíum, landeldi eða öðrum tegundum í eldi.

Þær breytingar sem orðið hafa á framkvæmdinni frá fyrri matsskýrslu felast í því að nýir valkostir hafa verið settir fram um staðsetningu tiltekinna eldissvæða. Framkvæmdir geta tekið breytingum í umhverfismatsferlinu og er sá sveigjanleiki mikilvægur þáttur umhverfismats. Nánar er fjallað um nýja staðsetningu eldissvæðis í kafla hér að neðan um umhverfisáhrif.

Í viðbótarmatsskýrslu eru sjónarmið reifuð um það hvers vegna framkvæmdaaðilar telja eldi á ófrjóum laxi, notkun lokaðra kvía og landeldi ekki raunhæfa valkosti til að uppfylla markmið framkvæmdanna. Umhverfisstofnun telur að ástæður framkvæmdaraðila fyrir því að útiloka þá valkosti vera málefnalegar. Eldi á ófrjóum laxi hérlendis er ennþá á tilraunastigi þó svo að nýlega hafi verið gefin út starfsleyfi í fyrsta sinn þar sem gert er ráð fyrir eldi með ófrjóum laxi. Engin reynsla er komin á það eldi enn sem komið er. Þó að til séu frekari áform um eldi á ófrjóum laxi hér við land jafngildir það ekki að slíkt eldi teljist í öllum tilfellum raunhæfur valkostur. Enn á eftir að koma í ljós hvort búið er að ráða bót á vandamáli sem fylgt hafa eldi á ófrjóum laxi og hvort eldi á honum er mögulegt við Íslandsstrendur sem raunhæfur valkostur við frjóan lax. Umhverfisstofnun telur að umhverfisaðstæður henti betur eldi á kuldaþolnari laxfiskum af Saga stofni en þeim stofni regnbogasilungs sem hafi verið í eldi hér á landi. Varðandi valkostaumræðu um lokaðar eldiskvíar þá telur stofnunin að um sé að ræða tækni á tilraunastigi sem ekki hafi verið reynd hér við land. Í viðbótarmatsskýrslu segir að áformað umfang framleiðslu ráðist af hagkvæmnisjónarmiðum. Með tilliti til þess að áform framkvæmdaraðila rúmast innan burðarþolsmats og áhættumats þá telur Umhverfisstofnun að ekki þurfi að bera sérstaklega saman umhverfisáhrif misumfangsmikillar framleiðslu enda valinn kostur innan leyfilegra marka. Valkostur um landeldi er í raun eðlisólík framkvæmd og myndi krefjast mikils landsvæðis og umhverfisáhrifa á öðrum stað, einkum vegna fráveitu, vatnstöku og orkuþarfar. Umhverfisstofnun telur í ljósi allra þeirra gagna sem liggja fyrir eftir umhverfismatsferli hjá Skipulagsstofnun og umsóknarferli hjá Umhverfisstofnun að framkvæmdinni hafi verið lýst með fullnægjandi hætti. Telur Umhverfisstofnun að sá kostur sem framkvæmdaaðili setti fram sem aðalvalkost séu raunhæfur og ásættanlegur út frá umhverfisstjónarmiðum m.t.t. annarra valkosta sem nefndir eru í umhverfismatinu.



## 2.2 Umhverfisáhrif

Afstaða Umhverfisstofnunar um tiltekna þætti í umhverfismati er eftirfarandi:

### *Eðliseiginleikar, burðarþol sjávar og tilhögun eldisins*

Patreks- og Tálknafjörður hafa verið metnir af Hafrannsóknastofnun bæði með tilliti til burðarþols vegna lífræns álags (20.000 tonn) og vegna hættu á erfðablöndun frjórra laxa (sem er einnig 20.000 tonn).

Umsóknaraðilar um starfsleyfi í fjörðunum lögðu fram matsáætlun árið 2016 þar sem kom fram fyrirhuguð framleiðsla upp á 17.500 tonn á ári og hámarks lífmassi færi ekki yfir 20.000 tonn á hverjum tíma.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir þau gögn sem liggja fyrir í málinu frá umsókn ásamt gögnum umhverfismats og áliti Skipulagsstofnunar.

Umhverfisstofnun telur að tekið hafi verið með fullnægjandi hætti á mengunarþáttum í starfsleyfi og að áhrif eldisins séu lágmörkuð með tilliti til þeirrar mengunar sem verður ásamt því að lágmarka þau áhrif sem eldið hefur á svæðið til lengri tíma. Þá hefur ákvörðun um starfsleyfi verið byggð á vísindalegum grunni og varúðarsjónarmiðum í samræmi við niðurstöður sérfróðra stofnanna.

### *Ástand sjávar og botndýralíf*

Umhverfisstofnun hefur farið yfir þau áhrif sem kynnt eru í matsskýrslu ásamt þeim viðbótargögnum og álitum sem fyrir liggja varðandi mat á áhrifum eldisins á lífríki fjarðanna. Telur stofnunin að þau áhrif sem koma til með að verða af eldinu geti verið talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði við eldiskvíar en áhrifin séu afturkræf ef starfsemi verði hætt. Áhrifin verði samt sem áður takmörkuð við eldissvæðin meðan eldi er í gangi en með þeirri hvíld og þeirri vöktun og eftirliti sem haft verður með ástandi sjávar sé hægt að bregðast við aðstæðum með viðeigandi ráðstöfnunum ef þörf krefur. Umsóknaraðili kynnti einnig nýja kosti staðsetninga eldiskvía sem að mati Umhverfisstofnunar eru til þess fallnir að takmarka enn frekar áhrif eldisins þar sem þær eru betri upp á hreinsun lífníðurbjótanlegs úrgangs undir kvíum.

Framkvæmdaraðili sótti um að eldinu væri hagað með þeim hætti að svæðin yrðu hvíld á milli eldislota þannig að svæðin nái að endurnýja sig. Í áliti Skipulagsstofnunar er fjallað um að í eldisstaðsetningunni að Hlaðseyri verði framleiðslan aukin í þrepum þar sem stofnunin taldi að svæðið myndi ekki þola það magn sem sótt var um fyrir staðsetninguna þ.e 5.350 tonn. Umhverfisstofnun hefur farið yfir framkomin gögn og komist að þeirri niðurstöðu að torvelt sé að fylgjast með álagi á svæðinu með þrepaskiptri aðferðafræði. Umhverfisstofnun auglýsti því í leyfi að hámarksframleiðsla eldissvæðisins yrði lækkuð úr 5.350 tonnum í 2.000 tonn, og er það gert á grundvelli varúðarsjónarmiða. Því er um að ræða minni heimild til framleiðslu á eldissvæðinu en kemur fram í matsskýrslu. Umhverfisstofnun hefur jafnframt farið yfir vöktunaráætlun fyrir eldissvæðið og telur að hún muni gefa raunupplýsingar um stöðu svæðisins og hvort það beri það eldi sem á því verður. Í starfsleyfinu eru jafnframt sett ákvæði sem heimila Umhverfisstofnun að stöðva útsetningu ef svæðið sýnir neikvæða þróun og gera kröfu um að framkvæmdaraðili hvíli svæði lengur eða þar til það hefur jafnað sig. Umhverfisstofnun telur að áhrif vegna lífníðurbjótanlegs úrgangs teljist vera afturkræf ef eldi verði hætt en fylgst verður vel með þeim áhrifum þar sem gerð er krafa um að rekstaraðili vakti eldið samkvæmt ÍST ISO 12878 staðlinum.

Umhverfisstofnun mun viðhafa eftirlit í samræmi við kröfur starfsleyfisins. Rekstraraðili hefur lagt fram vöktunaráætlun frá óháðum aðila þar sem vöktuninni er lýst og vísað í þá staðla sem unnið er eftir. Starfsleyfi er þannig uppbyggt að hægt er að stöðva útsetningu á svæði teljist þau ekki þola aukið álag ef





niðurstöður vöktunar benda til þess. Með þeim aðgerðum sem tiltekin eru í starfsleyfi rekstraraðila telur Umhverfisstofnun að áhrif eldisins verðir takmörkuð og afturkræf.

### ***Fisksjúkdómar, laxalús og erfðablöndun***

Umhverfisstofnun telur að áhrif vegna sjúkdóma og laxalúsar geti orðið nokkuð neikvæð fyrir þá laxfiskastofna sem eru í næsta nágrenni við eldissvæðin. Rekstraraðilar skipta eldinu þannig að árgangssvæðin eru milli fjarðanna þar sem lítil hættu er talin á að sjúkdómar eða laxalús berist þar milli. Þeir nýju valkostir sem lagðir voru fram um staðsetningar eru að mati Umhverfisstofnunar til þess fallnir að draga úr þessari áhættu þar sem meiri fjarlægð er milli eldissvæða, meiri dýpt og meiri straumhraði.

Umhverfisstofnun vill jafnframt benda á að laxalús er tilkynningaskyld til Matvælastofnunar og er þannig metið í hverju tilfelli fyrir sig hvernig brugðist er við. Ef notast á við lyf ber ávallt að skoða samverkandi umhverfisþætti sem geta haft áhrif á dreifingu, niðurbrot og þynningu. Rekstrarleyfi Matvælastofnunar nær til þessara þátta þar sem lögð hefur verið fram viðbragðsáætlun og áætlun um mótvægisáðgerðir sem stofnunin þarf að samþykkja.

Starfs- og rekstrarleyfi eru gefin út á grundvelli áhættumats Hafrannsóknastofnunar um erfðablöndun. Telur Umhverfisstofnun að sú áhætta sem af eldinu stafi vera lágörkuð. Ákvæði í leyfum varðandi þennan þátt er með þeim hætti að hægt er að endurskoða þau verði breytingar á áhættumatinu.

### ***Aðrir þættir (sjávarnytjar, minjar og fuglar)***

Umhverfisstofnun tekur undir það mat að með nýjum valkostum vegna staðsetninga hefur dregið úr þeim áhrifum sem staðsetningar eldiskvía hafa á siglingar á svæðinu. Samkvæmt matskýrslu hefur verið haft samráð við viðeigandi stofnanir vegna þessa.

Breytingar sem gerðar hafa verið á staðsetningum hafa eru ekki til þess fallnar að hafa áhrif á fornminjar og sjávarminjar að mati Minjastofnunar og tekur Umhverfisstofnun undir það. Stofnunin bendir einnig á að hægt er að endurskoða leyfi ef minjar koma í ljós á gildistíma leyfisins.

Umhverfisstofnun telur samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir að áhrif á fuglastofna á svæðinu muni frekar vera jákvæð en í versta falli óveruleg þar sem eldi eykur fæðuframboð á nærsvæði kvía. Líklegt er að áhrifin verði einnig jákvæð fyrir æðarfugl sem sækir í krækling sem getur vaxið á eldisbúnaði. Umhverfisstofnun bendir samt sem áður á að vert sé að fylgjast vel með fuglalífi á svæðinu og þá sérstaklega við Sandodda. Umhverfisstofnun mun kalla eftir að vöktunaráætlun verði uppfærð til samræmis við það.

### **2.3 Samfélagsleg áhrif**

Umhverfisstofnun telur að eldið muni hafa áhrif á sjónræna upplifun ferðamanna en hún sé takmörkuð við þau svæði sem eldið muni vera á og sé að öllu leiti afturkræf ef eldið verður lagt af. Einnig telur stofnunin að hinir nýju staðsetningarkostir muni gera það að verkum að sjónrænna áhrif gæti síður þar sem svæðin eru úti fyrir fáfarnari stöðum. Áhrif nýrra valkosta í framkvæmd eru að mati Umhverfisstofnunar jákvæð fyrir íbúa og atvinnuþróun svæðisins líkt og sú framkvæmd sem kynnt var í upphaflegu matskýrslunni.



## 2.4 Niðurstaða

Umhverfisstofnun hefur eftir ítarlega yfirferð og í samræmi við málsmeðferðarreglur tekið ákvörðun um útgáfu starfsleyfis, sbr. umsókn rekstraraðila um starfsleyfi og fullnægjandi mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, með þeim skilyrðum og takmörkunum sem koma fram í starfsleyfinu. Unnið hefur verið með Matvælastofnun að samræmingu við leyfisútgáfu rekstrarleyfis, en leyfin eru afhent rekstraraðila samtímis.

Umhverfisstofnun telur að þær kröfur og sú vöktun sem tilgreind er í starfsleyfi og vöktunaráætlun sé fullnægjandi til að draga úr neikvæðum áhrifum mengunar frá eldinu á annað lífríki fjarðarins.

Stofnunin telur að nýir staðarvalkostir séu líklegir til að fela í sér minni neikvæð áhrif, samanborið við upphaflegan framkvæmdakost, á lífríki á hafsbotni, fisksjúkdóma og laxalús, aðrar sjávarnytjar og landslag. Áhrif valkosta á aðra umhverfispætti eru óveruleg.

Umhverfisstofnun tekur undir það álit sem kemur fram í umhverfismati Skipulagsstofnunar varðandi það mat Hafrannsóknastofnunar að fjörðurinn, samkvæmt varfærnislegu mati, þoli allt að 20.000 tonna lífmassa. Áhrif eldisins verði helst á takmörkuðu svæði í og við botn næst svæðunum þar sem súrefnisinnihald getur minkað meðfram því sem aukið magn uppleystra næringarefna frá eldinu berst í viðtakann. Áhrifin eru staðbundin og með hvíld svæða milli eldislota verði þau mjög tímabundin og afturkræf. Hámark lífmassa í fjörðunum verður einungis nálægt burðarþolsmati í stuttan tíma þriðja hvert ár og gerð er krafa um vöktun eldissvæða á meðan framleiðsug stendur en einnig eftir hvíld. Fyrirtækið hefur einnig breytt um staðsetningar eldissvæða sem eru til þess fallnar að draga úr áhrifum eldisins. Að mati Umhverfisstofnunar verður vöktun því fullnægjandi og ef svæði sýna neikvæða þróun m.t.t. umhverfispáttá er hægt að takmarka og eða draga úr notkun svæða í samráði við leyfishafa.

Umhverfisstofnun telur að umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi verið lýst með fullnægjandi hætti og sé lögmætur grundvöllur fyrir útgáfu leyfis.

## 3. Athugasemdir

Umhverfisstofnun barst ein umsögn á auglýsingatíma. Umsögnin var frá Óttari Yngvasyni f.h. nokkurra aðila.

Hér á eftir fylgir útdráttur úr umsögn og viðbrögð Umhverfisstofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram.

- *Gerð var athugasemd við að rekstraraðili hafi ekki sent inn nýja umsókn um starfsleyfi eftir að útgefið starfsleyfi var fellt úr gildi. Sækja hefði átt um að nýju. Umsókn hafi verið ófullnægjandi.*
  - Umhverfisstofnun hafnar því að umsókn sem lá fyrir vegna útgáfu starfsleyfis sem úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála felldi úr gildi hafi fallið úr gildi. Umsóknin stóð enn í stjórnslumáli stofnunarinnar ásamt öllum upplýsingum í málinu. Hins vegar var bætt við gögnum og fram fór framhald á mati á umhverfisáhrifum sem kom til viðbótar umsókn um starfsleyfi og þeim upplýsingum sem í málinu eru. Á þeim grundvelli hefur svo verið tekin ný ákvörðun um útgáfu starfsleyfis.



- *Mat á umhverfisáhrifum skal liggja fyrir áður en starfsleyfi er auglýst.*
  - Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi á ný eftir að annað álit Skipulagsstofnunar einkum um valkostumræðu, lá fyrir, á tímabilinu 7. júní til og með 8. júlí 2019. Starfsleyfistillagan var því sannarlega auglýst eftir að niðurstaða Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir. Allar upplýsingar um umhverfismatið fylgdu auglýsingunni. Álit Skipulagsstofnunar er frá 23. september 2016 og annað álit 16. maí 2019.
- *Sameiginleg umhverfismatsskýrsla óheimil.*
  - Umhverfisstofnun tekur ekki undir þetta sjónarmið. Umhverfisstofnun telur að um sé að ræða sama svæði og háðar framkvæmdir einkum vegna legu fjarðanna og að Hafrannsóknastofnun hefur framkvæmt sameiginlegt mat á burðarþoli og áhættumati erfðablöndunar. Umhverfisstofnun tekur því undir þá málsmeðferð sem Skipulagsstofnun hefur útskýrt í álitinu sínu. Þá má einnig nefna að framkvæmdirnar eru háðar hvor annarri þar sem fyrirtækin tvö í fjórðunum verða samstíga hvað varðar hvíld svæða og útsetningu seiða.
- *Umhverfismat talið úrelt og framkvæmd sé önnur en var í frummatsskýrslu frá 6. maí 2016. Krafist nýs mats.*
  - Umhverfisstofnun hafnar því að um breytta framkvæmd sé að ræða þar sem umfang þess eldis sem kynnt var í matsskýrslu er það sama. Þær breytingar sem gerðar hafa verið síðan eru til þess fallnar að bæta eldið og draga úr umhverfisáhrifum þess m.t.t. svæða. Þá er matið innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 1.mgr. 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Þá telur stofnunin að við útgáfu leyfis sé litið til nýjustu upplýsinga og að matið hafi verið endurskoðað og bætt við upplýsingum til að varpa ljósi á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar með fullnægjandi hætti. Þannig hefur Skipulagsstofnun verið hluti af því ferli og gefið út viðbótarálit vegna framkvæmdarinnar og þeirra breytinga sem gerðar voru í kjölfar dóms úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála.
- *Starfsleyfi fyrir 17.500 tonn sé ógilt og skilning á lífmassa mótmælt.*
  - Umhverfisstofnun tekur ekki undir fullyrðingar umsagnaraðila varðandi ákvæði um lífmassa í leyfum og telur að um misskilning sé að ræða hjá umsagnaraðila. Hámarkslífmassi á hverjum tíma upp á 12.200 tonn í starfsleyfi veitir ekki auknar heimildir til ársframleiðslu umfram þau 10.700 tonn sem starfsleyfið kveður á um að heimilt sé að framleiða á ári. Jafnframt er bent á að burðarþol fjarðanna er metið 20.000 tonn. Starfsleyfi er innan þess burðarþols sem hefur verið metið, hvort sem litið er til framleiðslu á ári og lífmassa á hverjum tíma. Þá er ákvæði er í starfsleyfi um að hægt sé að endurskoða starfsleyfi ef burðarþol breytist.
- *Umsagnaraðili bendir á að með vísan til alls framangreinds og þeirra gagna sem fyrir lágu að útgáfa á starfsleyfi samkvæmt tillögu sé ólöglegt og óheimil.*



- Umhverfisstofnun telur að umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sé lýst með fullnægjandi hætti og leggur matskýrslu ásamt viðbótarupplýsingum og álit Skipulagsstofnunar ásamt viðbótaráliti til grundvallar leyfisveitingu, einnig sem stofnunin lagði sjálfstætt mat á hvort umhverfisáhrifum hafi verið lýst með fullnægjandi hætti. Starfsleyfið hefur verið gefið út skv. málsmeðferðarreglum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt reglum í lögum um fiskeldi og lögum um mat á umhverfisáhrifum.
- *Að auki ítrekaði umsagnaraðili fyrri umsagnir við fyrri starfsleyfistillögu og vísar Umhverfisstofnun til fyrri greinargerðar um þau atriði.*

## 4. Breytingar frá auglýstri tillögu

Gerð var breyting á gr. 1.7 þar sem bætt var við heimild til stjórnvaldssekta sbr. breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gerð var breyting á gr. 4.3 vegna umhverfisupplýsinga sbr. breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 5. Gildistaka

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fyrir rekstraraðila til að framleiða allt að 10.700 tonn á ári af laxi.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998.

Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 28. ágúst 2035.

Umhverfisstofnun sendir Matvælastofnun starfsleyfið eftir ákvörðun um útgáfu sbr. 4 gr. a laga nr. 71/2008 um fiskeldi og afhent og birt umsækjanda.

